



# FRÉTTABLAÐIÐ

85. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 3. MAÍ 2022



„Ég hef aldrei séð þetta svona slæmt þó að þetta sé oft slæmt. Þetta er mest þegar er gott veður, þá eru allir að taka til hjá sér en þetta er viðvarandi plága,“ segir Ingibjörg Erla Björnsdóttir, íbúi í Laugar-  
neshverfi. Þar voru þó nokkur skildir eftir við troðfullan gám Rauða krossins. Ekki leið á löngu þar til flikurnar flæddu upp úr pokunum. **NÁNAR Á FRÉTTABLAÐIÐ.IS.** MYND/INGIBJÖRG ERLA BJÖRNSDÓTTIR

## Fjármálaráðuneytið fylgdi ekki eigin reglum

Bankasýslan fylgdi reglum fjármálaráðuneytisins um opinber innkaup í tengslum við sölu ríkisins á Íslandsbanka en ráðuneytið sjálft gerði það ekki heldur réði til sín ráðgjafa án útboðs.

ggunnars@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Bankasýsla ríkisins og fjármálaráðuneytið greiddu tveimur erlendum ráðgjöfum samtals 62 milljónir króna í tengslum við sölu ríkisins á hlut í Íslandsbanka.

Samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins um opinber innkaup skulu öll kaup ríkis og sveitarfélaga á vöru og þjónustu yfir 18,5 milljónum króna fara í útboð. Reglunum er ætlað að tryggja jafnræði, gegnsæi og hagkvæmni við meðferð á fjármunum ríkisins.

Í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um söluna kemur fram að ráðuneytið hafi fengið fyrirteki Bretans Michaels Ridley til að annast ráðgjöf varðandi banka-söluna. Ridley þessi hefur þrívægis áður verið íslenskum stjórnvöldum



**Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu greiddi íslenska ríkið 22,4 milljónir króna fyrir ráðgjöf Bretans Michaels Ridley.**

til ráðgjafar í stórum málum sem varða efnahagsmál héraendis.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu greiddi íslenska ríkið 22,4 milljónir króna fyrir þjónustu Bretans. Ráðuneytið leitaði ekki tilboða í verkefnið þótt reglur, sem ráðuneytið sjálft gefur út, kveði á um að öll kaup á vöru og þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæð skulu boðin út.

Bankasýsla ríkisins hafði annan hátt á en ráðuneytið við kaup á ráðgjafarþjónustu í tengslum við söluna í Íslandsbanka. Við framkvæmd

sölnnar fylgdi Bankasýslan reglum fjármálaráðuneytisins í þátt og bauð verkefnið út á evrópska efnahagssvæðinu í samráði við Ríkiskaup.

Bankasýslan greiddi alls um 40 milljónir fyrir ráðgjöf fyrirtækisins STJ Advisors Group Limited.

Fréttablaðið leitaði í gær skýringa frá fjármálaráðuneytinu á því af hverju reglum var ekki fylgt í öllum kaupum ríkisins á fjármálaþjónustu í tengslum við útboðið í Íslandsbanka. Engin svör fengust áður en blaðið fór í prentun í gærkvöld. ■

Er bíllinn klár  
í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólafestingar og margt fleira

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → [www.hekla.is](http://www.hekla.is)



Þriggja hjóla festing á krók  
Burðargeta 60 kg, hallanleg  
Verð 89.900 kr.



Skíðafesting á topp  
4 skíði eða 2 snjóbretti  
Verð 24.890 kr.



Menabo farangursbox  
320 ltr, Mania, svart  
Verð 44.990 kr.



Reiðhjólafesting á topp  
Burðargeta 15 kg  
Verð 18.900 kr.



## Framlengja leyfi séra Gunnars á ný

helenaros@frettabladid.is

**TRÚFÉLÖG** Leyfi séra Gunnars Sigurjónssonar, sóknarprestis í Digranes- og Hjallaprestakalli, hefur verið framlengt í annað sinn, nú til 1. júlí næstkomandi.

Séra Gunnar var sendur í leyfi í desember síðastliðnum vegna ásakana sex kvenna um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan kirkjunnar. Upphaflega átti leyfið að standa til 1. mars en var framlengt til 1. mars.



Séra Gunnar Sigurjónsson

„Þetta er náttúrulega flókið og margslungið mál og í mörg horn að líta þannig að þau þurftu bara aðeins lengri tíma,“ sagði Sunna Dóra Möller, settur sóknarprestur við Digranes- og Hjallaprestakall, við Fréttablaðið 2. mars.

Að minnsta kosti sjö mál tengd Gunnari eru til rannsóknar hjá óháðu teymi þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er rannsókn á málinu að síga á seinni hlutann þótt ekki hafi náðst að ljúka því fyrir 1. maí. ■

## Engin vitni gegn Ingó veðurguði



Aðalmeðferð í meiðrðamáli tónlistarmannsins Ingólfs Þórarinssonar, Ingós veðurguðs, gegn Sindra Þór Sigríðarsyni, fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sindri hefur ítrekað sagt opinberlega að Ingólfur hafi haft samfarir við börn. Vill Ingólfur að ummæli Sindra verði dæmd dauð og Sindra gert að greiða honum bætur. Ekkert vitna sem Sindri leiddi fram bar um eigin reynslu af meintum brotum Ingólfs.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Lagastuldarmál Jóhanns Helgasonar mjög taugatrekkjandi fyrir Løvland

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Norski tónlistarmaðurinn Rolf Løvland kveðst afar ánægður með lyktir lagastuldarmálsins varðandi lögin Söknuð og You Raise Me Up í Bandaríkjunum.

Hæstiréttur hafnaði nýlega ósk Jóhanns Helgasonar um að frávisun málsins á fyrri dómstigum yrði felld úr gildi og upprunalega dómstólum í Los Angeles gert að taka málið til eiginlegrar efnismeðferðar.

Í tilkynningu sem send var Fréttablaðinu er haft eftir Løvland að málið, sem tekið hafi nær fjögur ár, hafi verið afar taugatrekkjandi.

„Þetta mál hefur verið krefjandi fyrir mig bæði faglega og persónulega,“ er haft eftir Løvland.

„Það er ljóst að lag sem hefur svo verðmætan höfundarrétt er sérstaklega viðkvæmt fyrir óréttmætum



Þetta mál hefur verið krefjandi fyrir mig.



Rolf Løvland

ásökunum. Ég er ánægður með að þetta hefur verið útkljáð á hæsta plani, tónlistarlega og lagalega og að ég geti nú haldið áfram án þess að hafa þetta íþyngjandi mál hangandi yfir mér,“ segir norski tónlistarmaðurinn. ■

## Engar pitsur á boðstólum í sauðburði hjá Höfðabónda

Sauðfjörðabóndi fyrir norðan segir mikilvægt að fljóteldadur og næringarríkur matur standi þeim til boða sem vinna allan sólarhringinn við sauðburð næstu vikur.

bth@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Matarframleiðsla á sveitabýlum er í hámarki þessa dagana, þar sem sauðfjörðabændur búa sig undir krefjandi tíma. Sauðburður er að hefjast og þarf að hafa nóg að bíta og brenna þegar unnið verður á vöktum allan sólarhringinn næstu vikur.

Ásta Flosadóttir sauðfjörðabóndi á Höfða við Eyjafjörð, nýtti sunnudaginn í það sem hún kallar sauðburðarmatseld. Hún fékk mikla aðstoð frá vinveittum, enda sjálf að klára mastersritgerð í opinberri stjórnáslu.

Meðal þess sem framleitt var og sauðburðarfólki á Höfða verður boðið upp á næstu vikur eru fiskibollur, framleiddar úr 15 kílóum af fiski, ostabuff úr átta kílóum af hráefni og 40 lítrar af kjötsúpu og gúllassúpu.

„Fram undan er annasamasti tími ársins, mjög mikil vinna allan sólarhringinn. Þá er um að gera að geta skellt einhverju mjög fljótlegra á borðið og helst þannig að ekki þurfi allir að borða í einu,“ segir Ásta.

Hún segir að í sauðburði gildi aðeins ein regla. Eiga nægan tilbúinn mat sem hægt sé að svissa úr frystinum og setja í örbylgjuofninn. Það sé ekki valkostur að hringja eftir pitsu.

„Reyndar kemur fyrir að einhver göðhjartaður heimsækir okkur frá Akureyri með pitsu en það verður ekki lagt upp úr pitsum hér í sauðburðinum,“ segir Ásta og hlær.

Um matseðilinn á næstunni segir Ásta að ættingjar hennar og tengda-



Afrakstur framleiðslunnar um helgina hjá Ástu og félögum.

MYND/ÞESEND



Það verður ekki lagt upp úr pitsum hér í sauðburðinum.



Ásta Flosadóttir, bóndi



Lömbin gleðja.

MYND/VÖLUNDUR

Meðal þeirra sem lögðu lið voru tengdamamma, systur tengdamömmu, systir Ástu og fleiri. Þá er ónefnt allt bakkelsið sem verður að vera með kaffinu hjá sauðburðarfólki.

Ásta segir að allir sem standi í alvöru búskap séu nú að undirbúa sig matarlega fyrir törnina fram undan. Fyrstu lömbin eru komin á Höfða en dæmi séu um að 70 ár hafi borðið á einum og sama sólarhringnum. Það segi sig sjálf að kjarnmikið fóður þurfi til að standa vaktirnar fram undan. ■

fólk, allt konur, hafi lagt upp úr að framleiða allan matinn án mikils kostnaðar. Hollt og fljótlegt sem ekki kosti mikið uppvask.

„Þetta er heimafengið eins og hægt er,“ segir Ásta. Tengdapabbi fór á sjó og drap þennan fisk, grænmetið er frá nágretta og kjötið er allt frá búinu,“ segir Ásta, þakklát dugnaðarforkum sem aðstoðuðu.

Húnavetningafélagið í Reykjavík



## AÐALFUNDUR Húnavetningafélagsins í Reykjavík

verður haldinn í Kiwanishúsinu Smiðjuvegi 13a í Kópavogi þriðjudaginn 17. maí 2022 klukkan 20:00

### Dagskrá fundarins verður:

1. Formaður gerir grein fyrir störfum félagsins milli aðalfunda.
2. Gjaldkeri leggur fram yfirlitna reikninga félagsins, fyrir liðið almanaksár.
3. Ákvörðun upphæðar árgjalds.
4. Skýrslur nefnda og starfsmanna félagsins.
5. Kosningar.
6. Önnur mál
  - Tillögur sem koma eiga til afgreiðslu, undir þessum lið, skulu vera skriflegar.





TOYOTA COROLLA CROSS HYBRID

# FÁÐU ÞÉR EINA MEÐ ÖLLU

Glæný Corolla Cross – byggð á reynslu og árangri.  
Stærri, hærri og til í krefjandi áskoranir.



**FORPÖNTUN**  
Mátaðu Corolla Cross  
Sýningareintak í Toyota Kaupþúni

Nýr Hybrid = 100% afsláttur  
af lántökugjöldum  
Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)

TOYOTA – MEST SELDA  
BÍFREIÐATEGUNDIN  
Á ÍSLANDI  
**32**  
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR  
vátryggt af TM



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



## Innleiði geðrækt í grunnskólana

birnadrofn@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Pieta samtökin og Hafnarfjarðarbær skora á stjórnvöld að innleiða geðrækt í nám barna.

Undanfarna nítján mánuði hefur staðið yfir tilraunaverkefni í Hafnarfirði þar sem nemendur í áttunda bekk hafa stundað nám í geðrækt. Námið snýr meðal annars að samfélagsmiðlum, kynhneigð, fjölskyldum, vinatengslum, kvíða og andlegri heilsu.



Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri hjá mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri hjá mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar, segir verkefnið hafa gengið vel og hvetur önnur sveitarfélög til að innleiða geðrækt í nám barna. „Nemendurnir hafa allir kallað eftir frekari kennslu á þessu sviði.“ ■

## Mikið að gera í bólusetningum

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Mikið var að gera í bólusetningum gegn Covid-19 á stöðvum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) í gær.

Óskar Reykdalsson, forstjóri HH, segir sér í lagi eldra fólk að taka við sér að nýju varðandi bólusetningar.

Til að geta fengið fjórða skammt þurfa að lágmarki fjórir mánuðir að hafa liðið frá þriðja skammti bóluefnisins eða smiti. Bóka þarf tíma.



Óskar Reykdalsson, forstjóri HH

Óskar segist ekki hafa tölur um fjölda þeirra sem mættu í bólusetningu í gær. Á eina heilsugæslustöð í borginni hafi þó mætt yfir 50 manns. „Og stöðvarnar eru 25 svo það má gera ráð fyrir að þetta sé mikill fjöldi fólks.“ ■

# Reyna sættir í eineltismáli grunnskólakennara

bth@frettabladid.is

**KENningar** Sáttafundur fór fram fyrir helgi vegna ásakana um einelti formanns Félags grunnskólakennara, Þorgerðar Laufeyjar Diðriksdóttur.

Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, hafði frumkvæði að fundinum og hefur samkvæmt tölvupósti tekið forræði til að leiða málið til lykta.

Jens Guðjón Einarsson, varaformaður Félags grunnskólakennara, segist vonast til að fundurinn hafi



Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður Félags grunnskólakennara

verið gagnlegur og að sátt sé innan seilingar.

„Mér finnst að umræðan hafi verið á villigötum, hún hefur verið illkvittin og illgjörn. Þorgerður hefur unnið fyrir alla félagsmenn

allan sinn stjórnarferil,“ segir Jens Guðjón.

Hann segir eðlilegt að Þorgerður Laufey hafi átt erfitt með að tjá sig um málið, enda þurfi hún að gæta trúnaðar.

„Við í stjórninni höfum fengið á okkur gagnrýni fyrir að tjá okkur ekki um málið en trúnaður er trúnaður, þagmælska er dyggð.“

Kosning um nýjan formann í Félagi grunnskólakennara hófst í gær. Þorgerður Laufey, sitjandi formaður, býður sig fram áfram ásamt Mjöll Matthíasdóttur og

Péttri V. Georgssyni. Helga Dögg Sverrisdóttir, grunnskólakennari í Siðuskóla á Akureyri, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að það væri skelfilegt ef Þorgerður fengi umboð til að leiða félagið áfram. Hún velti fyrir sér hvað yrði um traust foreldra grunnskólakennara ef formaður, uppvís að einelti samkvæmt úttekt óháðrar stofu gagnvart starfsmanni, leiði félagið áfram.

„Hér var ekki verið að rannsaka einelti heldur samskiptavanda,“ segir Jens Guðjón. ■

# Vilja bíða með kjör vígslubiskups þar til framtíð embættisins er ljós

Akureyringar eru ósáttir við kjör nýs vígslubiskups á Hólum í sumar. Telur sóknarnefndin framgangsmáta kosninganna ólýðræðislegan og sóknarprestur Akureyrarkirkju segir Þjóðkirkjuna framleiða hneyksli.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**TRÚFÉLÖG** Stjórn Akureyrarsóknar vill að kjöri nýs vígslubiskups að Hólum verði frestað og hefur skorað á bæði kjörstjórn Þjóðkirkjunnar og forsætisnefnd kirkjuþings að gera það. Eftir eigi að ljúka umræðu á kirkjuþingi um hvort leggja eigi embættin niður.

„Menn eru að velta því fyrir sér hvort þessi embætti eigi að vera áfram eða ekki,“ segir Ólafur Rúnar Ólafsson, formaður sóknarnefndar, og á við þá umræðu sem hefur verið á kirkjuþingi undanfarið. Til dæmis að embættin yrðu lögð niður eða umfang þeirra minnkað. Þeirri umræðu er ekki lokið. „Það væri snjallt að klára umræðuna áður en kosið verður,“ segir hann.

Frá árinu 1909 hafa vígslubiskupar verið tveir í landinu, á hinum fornu setrum að Hólum og Skálholti. Eru þeir næst ædstu menn Þjóðkirkjunnar. Í Skálholti situr Kristján Valur Ingólfsson og á Hólum Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Solveig tilkynnti í lok mars að hún myndi láta af embætti í september næstkomandi. Sagðist hún vonast til að vígslubiskupsembættin yrðu með óbreyttu sniði eða eflf frekar en hitt.

„Að einangra biskupsembættið með því að gera vígslubiskupsemb-



Hið forna biskupssetur að Hólum í Hjaltadal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Það væri snjallt að klára umræðuna áður en kosið verður.



Ólafur Rúnar Ólafsson, formaður sóknarnefndar á Akureyri

ættin að hlutastarfi væru hrapalleg mistök fyrir kirkjuna enda voru mætir menn og konur búin að berjast fyrir því að biskupsstólarinn tveir myndu öðlast þann sess sem þeim ber,“ sagði hún á kirkjuþingi.

Nýtt kirkjuþing verður kosið um miðjan maí og kemur saman næsta haust. Kjör vígslubiskups fer hins vegar fram í lok júní.

Auk þess að spurningum um framtíð embættanna sé enn ósvarað telur Akureyrarsókn að tímasetning kjörsins sé óheppileg og fyrirvarinn of stuttur. Ekki sé hlaupið að því að ákvarða hvernig eigi að skipta fulltrúum innan prestakallsins og kjörið sé á miðjum sumarleyfistíma.

„Þá er lítið sem ekkert svigrúm gefið fyrir vígða menn að ráða ráðum sínum um tilnefningu og kynna sér

hugsanlega frambjóðendur, að ekki sé talað um að kanna hvort hljómgrunnur sé fyrir þá sjálfa að gefa kost á sér,“ segir í yfirlýsingunni. Telur sóknarnefndin að þessi framgangsmáti sé ólýðræðislegur.

Ólafur segir fulltrúa sóknarinnar ekki hafa rætt við Agnesi Sigurðardóttur, biskup Íslands, um þetta. „Þetta ber svo brátt að að það var ekki tækifæri til þess,“ segir Ólafur. Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur á Akureyri, er einn af þeim sem styður yfirlýsinguna.

„Þjóðkirkjan sýnir oft yfirskilvitlegan vilja til að koma sér í vandræði og framleiða hneyksli,“ segir Svavar á samfélagsmiðlum.

Stefán Magnússon, annar fulltrúa leikmanna í kirkjuráði, telur einnig skynsamlegt að fresta kjörinu. ■

## EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID





# Við erum flutt á Höfðatorg!

TM hefur flutt skrifstofur sínar í Höfðatorg, Katrínartúni 2.  
Við tökum vel á móti þér á nýjum stað en bendum  
á að þú getur klárað öll þín mál á **tm.is** og í **TM appinu**.



Hugsum í framtíð

TM



## Átökin í Úkraínu hafi styrkt ESB

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** „Ég held það sé augljóst að átökin í Úkraínu hafi styrkt ESB. Sérstaklega er áberandi að innan ESB hefur skapast meiri eining en áður,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði.

Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðingur og sérfræðingur í ESB-málum Íslendinga, sagði í Fréttablaðinu í liðinni viku að umræðuhefð héraendis væri til vansa og kæmi niður á ígrundaðri skoðun á kostum og göllum ESB-aðildar.

Ahugi á aðild hefur aukist hér á landi samkvæmt Gallup-könnun. Það er í takt við að víða í nágrenna löndum Íslands hefur borið á jákvæðara viðhorfi gagnvart ESB í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

„Ég myndi ekki nota orðið þöggun um Evrópuumræðuna hér á landi en ég get verið sammála Baldri um að umræðan hefur löngum verið of lítil á Íslandi og líka mjög áberandi eins og oft er í umræðu um fleiri mál í íslenska kerfinu að



Ólafur Þ. Harðarson

umræðan hefur ekki verið mjög málefnaleg,“ segir Ólafur.

Að hans sögn vilja sumir tengja saman varnarmálgæmsni og efnahagsmuni þegar skoðun fer fram á kostum og göllum ESB-aðildar.

„Sérstaklega nú þegar skoðanakkannir benda til að stuðningur við aðild að ESB fari vaxandi, þá hversig það þá sem vilja aðild,“ segir Ólafur.

Hitt sé verra að mati Ólafs að flokkarnir hafi tilhneigingu til að leggja í skotgrafir þar sem endalausar klisjur ráði ferðinni fremur en að uppbyggileg umræða fari fram um kosti og galla aðildar án upphrópana. ■



Minnst fimm maurategundir hafa fundist á Íslandi en tugir undirtegunda.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Maurum fjölga á Íslandi

Maurum er að fjölga hér á landi samkvæmt meindýraeyði. Þeir berast hingað með ferðamönnum og geta komið sér upp búum inn á heimilum fólks.

tsh@frettabladid.is

**MEINDÝRAVARNIR** Guðmundur Óli Scheving meindýraeyðir sem rekur fyrirtækið Ráðtak, meindýr og varnir, segist hafa orðið var við aukningu á maurum hér á landi undanfarnar ár.

Guðmundur kveðst fá um tvö til þrjú símtöl á mánuði þar sem óskað er eftir aðstoð við að losna við maura úr vistarverum.

„Undanfarnar fimm, sex ár hefur maurategundum verið að fjölga hjá okkur. Það er kominn blökkumaur, faraómaur, eldmaur, svo eigum við náttúrlega maur hérna sem heitir húsamaur, öðru nafni klóakmaur,“ segir Guðmundur.

Að hans sögn má einna helst rekja þessa fjölgun til erlendra og innlendra ferðamanna sem bera maura með sér hingað til lands. Áður nefndir maurar hafast aðallega við innandyra og sem dæmi þá finnst faraómaur (latneskt heiti: Monomorium pharaonis), einna helst í myrkum holrýmum og í kringum hitalagnir. Blökkumaurinn (lat-



Það er kominn blökkumaur, faraómaur, eldmaur, svo eigum við náttúrlega maur hérna sem heitir húsamaur, öðru nafni klóakmaur.



Guðmundur Óli Scheving, meindýraeyðir

neskt heiti: *Lasius niger*), finnst hins vegar bæði í manngerðu umhverfi sem og í villtri náttúru.

Að sögn Guðmundar er ekki hægt að eitra fyrir maurum með hefðbundnum hætti eins og gert er fyrir silfurskottur og aðra óveru.

„Því það er sérstakt eitru fyrir hverja tegund. Við erum með litlar beitustöðvar sem við setjum efnið í. Maurarnir taka efnið og fara með inn í búð og drepa drottninguna þádan. Þeir drepa sig innan frá,“ segir hann.

Þess vegna þurfa húsráðendur sem verða varir við maura á heimili sínu að byrja á því að fanga nokkur sýni af maurum og senda þau til Náttúrufræðistofnunar til greiningar en tugir undirtegunda finnast hér á landi. Eftir það er hægt að hafa samband við meindýraeyði og fá viðeigandi þjónustu.

„Um leið og maður setur mat eða æti sem er sérstakt fyrir hverja tegund þá fara þeir með eitrið inn í búð og þá endar það með því að eftir 2-3 vikur hverfur allt. Því um leið og drottningin dreppst þá hætta hún að framleiða,“ segir Guðmundur.

Aðspurður hvort maurarnir geti valdið skaða segir hann að svo sé ekki. „Nei, þetta er bara hvítleitt. Hugsaðu þér að vera inni á hótélherbergi. Ef þú liggur og ert að slaka á og lítur upp í loftið og sérð allt í einu mauraþyrpingu fara yfir loftið. Þetta er mjög hvítleitt en er ekki að gera neitt.“

Guðmundur segir það þó ekki vera mikið inngríp á heimili fólks að losna við maura.

„Það eru bara settar upp gildir með ætinu einhvers staðar þar sem traffikin á þeim er. Við þurfum ekkert að gera meira en að tékka hvort það þurfi ekki að setja annan dropa eða meira æti og svo bara hverfur þetta.“ ■



### FUNDARBOÐ AÐALFUNDAR LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA 2022

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga verður haldinn 3. og 4. júní 2022 að Sel Hóтели Mývatni, og hefst dagskrá kl. 11:30 þann 3. júní.

#### Þátttaka á aðalfundi

Óskað er eftir því að aðildarfélag sendi framkvæmdastjóra Landssambandsins tilkynningu um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en 15. maí nk. Vinsamlegast sendið tilkynninguna á netfangið gunnar@angling.is.

Nánari upplýsingar um dagskrá og þátttöku á fundinum er að finna á vef Landssambandsins á www.angling.is.

#### Dagskrá

##### Föstudagur 3. júní kl. 11:30-16:45

- Hádegisverður.
- Setning fundar um kl. 12:30.
- Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- Kosning kjörbréfanefndar.
- Ávörp gesta.
- Ávarp formanns og skýrsla stjórnar LV.
- Ársreikningur 2021 lagður fram til staðfestingar.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Umræður um skýrslu formanns og afgreiðsla reikninga.
- Erindi gestafyrirlesara.
- Skipan starfsnefnda aðalfundar.
- Drög að ályktunum fundarins kynnt og þeim vísað til nefnda.
- Tillögur aðildarféлага, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykktar LV.
- Fundi frestað, nefndarstörf.

##### Laugardagur 4. júní kl. 10:00-12:00

- Nefndir skila álit. Umræður.
- Ályktanir afgreiddar.
- Stjórnarkjör. Kjör stjórnarmanna frá Norður- og Suðurlandi.
- Kjör skoðunarmanna reikninga.
  - Aðalmaður og varamaður til tveggja ára.
- Önnur mál.
- Fundi slitið.

## Risastökk matarverðs milli mánaða

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Verð á matarkörfu fjögurra manna fjölskyldu hækka um 3,1 prósent á milli mánaða. Hækkun körfunnar frá því október 2021 er 8,6 prósent sem er meira en 2,6 prósentum meira en breyting á vísitölu neysluverðs á sama tímabili. Óvissa við mælinguna er 1,5 prósent.

Þessi hálsárshækkun körfunnar upp á 8,6 prósent jafngildir árs-hækkun upp á um 18 prósent. Veritabus kannaði verð vörukörfu sem samanstóð af 35 vörulíðum úr öllum vöruflokkum. Verð körfunnar var á bilinu 22-27 þúsund krónur. Karfan hafði hækkað milli mánaða um 3,5 prósent í Krónunni og 3,2 prósent í Hagkaupum. Í Heimkaupum nam hækkunin 2,5 prósentum og 2,0 prósentum í Netto.

Vegin meðalhækkun vörukörfunnar er 3,1 prósent og óvissa er 1,5 prósent. Slík hækkun milli mánaða mælir verðbólguhraða upp á 44,2 prósent á heilu ári. Varhugavert er þó að draga slíkar ályktanir, þar sem hluti hækkunarinnar getur stafað af því að tilboð hafi verið í gangi á



D-vítamínbætt mjólk hækkaði um tæp tíu prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

#### Verðhækkunir vinsælla mjólkurvara í verðlista MS

	Verð	Verð	Breyting
	1.12.21	4.4.22	
<b>Smjörvi, 400 g</b>	<b>545</b>	<b>572</b>	<b>5,00%</b>
<b>Nýmjólk (D), 1 l</b>	<b>173</b>	<b>190</b>	<b>9,80%</b>
<b>Hleðsla, 250 ml</b>	<b>250</b>	<b>263</b>	<b>5,20%</b>
<b>Skólaostur, 460 g</b>	<b>711</b>	<b>747</b>	<b>5,10%</b>
<b>Ísey, 300 ml</b>	<b>196</b>	<b>206</b>	<b>5,10%</b>
<b>Kókómjólk, 250 ml</b>	<b>133</b>	<b>140</b>	<b>5,30%</b>
<b>ABT mjólk, 162 g</b>	<b>169</b>	<b>179</b>	<b>5,90%</b>

ýmsum vörum fyrir páska í mælingu ASÍ í lok mars.

Athygli vekur að mjólkurvörur hækka tvöfalt meira en aðrar vörur í körfunni. Virðist það tengjast verðlistahækkunum frá Mjólkursamsölunni. Hér til hliðar eru dæmi um hækkunir á verðlista Mjólkursamsölunnar sem birtist á vef hennar.

Hagstofan mældi verðhækkun matvara einungis 1,5 prósent í apríl. Mælingar hennar er notaðar til að reikna vísitölu neysluverðs. ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut

h



Menntadagur atvinnulífsins 2022

# Samkaup er menntafyrirtæki ársins 2022.

**Menntaverðlaun atvinnulífsins** voru veitt mánudaginn 25. apríl sl. á Menntadegi atvinnulífsins. Verðlaunin eru veitt í tveimur flokkum, menntafyrirtæki ársins og menntasproti ársins og eru veitt árlega á menntadegi atvinnulífsins sem nú var haldinn í níunda sinn.

## samkaup

Samkaup reka yfir 60 verslanir um allt land og hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 1400 manns. Samkaup hafa lagt mikinn metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður með markvissri uppbyggingu starfsfólks með áherslu á tækifæri til að eflast og þroskast, persónulega sem og í starfi.

Með því að styrkja einstaklinga til starfsþróunar er lagður grunnur að framtíðarleiðtogum innan fyrirtækisins. Menntunarstig hækkar, sem skilar sér í eftirsóknarverðum vinnustað, starfsánægju og jákvæðu viðhorfi starfsfólks.

Frá því Samkaup hlutu menntasprotu atvinnulífsins árið 2020 hefur kröftug uppbygging haldið áfram innan fyrirtækisins og markvissar mælingar á árangri í þjálfun og þróun starfsmanna staðfesta jákvæða og sterka stöðu í fræðslu og þjálfunarmálum innan fyrirtækisins.

**TIL HAMINGJU, SAMKAUP!**



Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa, Gunnur Líf Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri Samkaupa og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



SAMORKA





# Bestu vinir aðal



Elin Hirst  
elinhirst  
@frettabladid.is

Þegar Styrmir heitinn Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, kom fyrir rannsóknarnefnd Alþingis eftir hrun sagði hann:

„Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“

Þetta voru sláandi orð og eftirminnileg og koma því miður sterkt upp í hugann núna þegar við stöndum frammi fyrir einu mesta klúðri í íslensku samfélagi frá því fyrir hrun.

Því miður ber Íslandsbankaútbúið öll merki þeirra orða sem Styrmir lét falla eftir hrun. „Þar eru engin prinsipp, engar hugsjónir, ekki neitt.“ Nær allir falla á prófinu. Og „bestu vinir aðal“, eins og þeir hafa verið kallaðir á slangumáli, eru mættir aftur.

Þessum svokölluðu „bestu vinum aðal“ hafa verið færð margt konar auðæfi á silfurfati. Þeir fengu líka aðvörðun sem hvíslað var innan úr stjórn- og fjármálakerfinu fáeinum sólarhringum eða klukkutímum fyrir hrun svo að þeir gátu forðað háum fjárhæðum. Rétt áður en Geir Haarde kom fram í sjónvarpi og tilkynnti þjóðinni að bankarnir væru fallnir og það Guð að blessa Ísland.

Á sama tíma stóðu venjulegir Íslendingar sem áttu fé í bönkunum frammi fyrir því að hafa tapað miklum peningum á meðan að „bestu vinir aðal“ gátu forðað sínu fé, að minnsta kosti góðum hluta.

Íslendingar eru upp til hópa heidarlegt og sómakært fólk sem hefur engan áhuga á að hagnast á kostnað samfélagsins eða annarra. Enda leið hinum venjulega Íslendingi virkilega illa á sál og líkama lengi eftir hrun.

Ekki bara höfðu menn tapað sparifé sínu, arfi eftir foreldra eða sparifé barna- og barnabarna, heldur upplifðu menn líka sára skömm yfir því að vera Íslendingur og að þetta skyldi gerast í nafni okkar þjóðar. Þessi tilfinning var lengi að hverfa. Nú fjórtán árum eftir hrun gerir þessi skömm aftur vart við sig af fullum krafti.

Við felum kjörnum fulltrúum okkar mikla ábyrgð. Við gerum miklar kröfur til þessa sama fólks um að það beri fyrst og síðast almannahag fyrir brjósti. Þegar selja á eigin almennings verður það að gerast í gegnsæju og opnu sölufurli. Það verður líka að vera hægt að grípa inn í og stöðva ferlið ef eitthvað fer úrskeiðis. Þetta virðist hafa mistekist algerlega í þessu máli og því verður ekki sópað undir teppi. ■

”  
Þessum svokölluðu „bestu vinum aðal“ hafa verið færð margt konar auðæfi á silfurfati.



GEFÐU GJÖF TIL HEILLA  
HEILAGJAFIR.IS



Barnaheill



## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

### 1. maí úti á landi

Fréttatími RÚV á sunnudag vakti athygli en hann var stúf-fullur af uppfyllingarefni utan af landi. Bræður smíðuðu bíl í Grímsey og Akurnesingar settu upp leikrit svo fátt eitt sé nefnt. Landsbyggðin fyllir upp í fréttatíma helgarinnar. Verkalýðsdaginn bar upp á sunnudag og það voru alveg ræður og göngur og alls konar úti á landi. En fréttamenn RÚV úti á landi vinna ekki um helgar. Það var því ekkert sýnt frá ræðum eða göngum eða alls konar í fréttatíma allra landsmanna utan af landi. Verkalýðsdagurinn gerðist nefnilega bara í Reykjavík samkvæmt fréttum RÚV.

### Milljarðarnir tveir

Kjarninn greindi frá því í gær að RÚV sala, sem væri dótturfélag RÚV og ber ábyrgð á allri sölu, aflaði tæplega 2,4 milljarða króna í tekjur í fyrra. Þar af voru 2.206 milljónir tekjur af auglýsingasölu. Alls eru 17 sölumenn að vinna hjá RÚV sölu og er hver og einn með 1,2 milljónir króna í laun samkvæmt frétt Kjarnans. Þar kemur einnig fram að íþróttir og peningar ganga hönd í hönd því nánast allir íþróttaviðburðir RÚV eru styrktir. Aðeins Eurovision og Verbúðin komast á lista efnis sem er styrkt sem er ekki íþrótt. ■

## Déjà vu, myglar þú?



Ragnhildur Alda Vilhjálmstöðttir skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðis-  
manna í Reykjavík

Mygla hefur alltaf fylgt mannum en aukin fagþekking hefur dregið úr fjölda atvika þar sem alvarleg mygla fær að grassera. Því er það ámalisvert að skólahúsnæði borgarinnar sé myglandi í sífellu og alltaf heyri maður söguna af viðbrögðum borgarinnar gagnvart foreldrum og starfsfólki.

Í kjölfar fráleitra vinnubragða borgarinnar í samskiptum og upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks í Fossvogsskólamálinu fylgdi hinn klassiski lofordaflaumur borgarstjórnarmeirihluta Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna og Viðreisnar um betrumbætur. Nú hafa samtals 15 tilfelli hættulegrar myglu í grunn- og leikskólum borgarinnar komið upp á kjörtímabilinu og lítið bólar á umbótum.

Skólarnir eiga það flestir sameiginlegt að ákall skóla- og leikskólastjórnenda um bætt viðhald mætti daufum eyrum í áraráðir og síðar meir óskir þeirra um viðtækari sýnatökur í kjölfar gruns um myglu. Sé grunur um eða staðfesting á myglu hef ég heyrt að stjórnendum sé sagt að smætta málið þar til borginni hentar að taka ákvörðun þó veikindi meðal starfsfólks og barna geti versnað á meðan, ellegar falli þeir úr náð hjá borginni. Leikskólarnir Furu-skógur og Kvistaborg eru nýleg dæmi um óljósa upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks og að svartar skýrslur liggi hjá borginni í marga mánuði áður en fólki er gert viðvart. Enn er starfsfólk borgarinnar bendandi hvert á annað eða aðkeypta sérfræðinga, berandi fyrir sig þekkingarleysi eða skorti á alþjóðlegum og innlendum upplýsingum um viðmið eða áhrif myglu sem einföld netleit afsannar þegar starfsfólk skólanna og foreldrar leita svara. Hér ber meirihlutinn í borgarstjórn ábyrgð, því vegna óstjórnar þeirra skortir starfsfólk borgarinnar réttu stefnuna og verkferin til að bregðast almennilega við. Það tekur ekki langan tíma að gera heildstæðan verkferil um viðbrögð og upplýsingamiðlun í kjölfar gruns og staðfestingar á myglu. Það að slíkt liggi ekki fyrir kemur upp um viðhorf Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Viðreisnar gagnvart þessum vanda, því þau ákveða linuna sem starfsfólk borgarinnar fylgir gagnvart skólunum og foreldrum. ■

”  
Leikskólarnir Furu-skógur og Kvistaborg eru nýleg dæmi um óljósa upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks.



# Hvað gerir Seðlabanki á morgun?



**Ole Anton Bieltvedt**  
alþjóðlegur kaup-  
sýslumaður og  
stjórnmaðlaráðgjafi

Við lifum tíma verulegra sviptinga, fyrst vegna Covid- faraldursins og svo vegna árásarstríðs Rússa gegn Úkraínumönnum, sem hafa veruleg áhrif á líf okkar og velferð.

Auðvitað getum við ekki kvartað, ef við hugsum til þeirra þjáninga og þeirrar helfarar, sem Úkraínumenn verða að ganga í gegnum, en það breytir ekki því, að þó að við séum blessunarlega laus við stríð, og nú að mestu Covid, þá verðum við takast á við þann vanda, sem þessir atburðir skola að okkar ströndum, ódaverðbólgu, sem ógnar öryggi og velferð fjölskyldna og fyrirtækja.

Það sama er auðvitað upp á teningnum hjá öðrum þjóðum Vestur-Evrópu.

## Hver er verðbólgan í Evrópu og hér?

Verðbólgumarkmið Evrópska seðlabankans er 2%. Við slíka verðbólgu telur bankinn, að efnahagsleg velferð þegna álfunnar sé bezt komin. Stjórnvöld hér hafa svipað markmið í verðbólguálfunni; +/- 2,5%.

Í ESB-rikinum 27 var verðbólgan í marz sl. 7,8%. Í Þýskalandi var verðbólgan sú hæsta í 40 ár.

Hér á Íslandi var verðbólgan í marz 7,2%. Nokkru lægri en í Evrópu, en sú hæsta hér í 12 ár.

Verðbólga af þessari stærðargráðu ógnar auðvitað velferð og afkomu-öryggi ekki bara almennings – og þá einkum þeirra, sem verst eru settir og eiga í vök að verjast með afkomu sína að óbreyttu verðlagi, hvað þá við hratt vaxandi verðlag – heldur líka fyrirtækja og atvinnuöryggi landsmanna.

Mikið er því í húfi, að seðlabankar og stjórnvöld um alla Evrópu finni rétt svör og réttar leiðir til að milda áhrif verðbólguvandans.

## Hver er þróun fasteignaverðs í Evrópu og hér?

Fasteignaverð og húsnæðiskostnaður hefur nokkurt eða verulegt vægi, þegar verðbólga er reiknuð og á henni tekið, enda stór útgjaldaliður.

Ef saman er borið fasteignaverð í ESB-rikinum 27 við síðustu áramót við það sem var árinu áður, þá er meðalhækkun fasteignaverðs í þessum 27 löndum 10,0% á þessu 12 mánaða skeiði.

En í sumum löndunum er hækkunin miklu meiri. Í Tékklandi 25,8%, í Eistlandi 20,4%, í Lettlandi 19,8%, í Ungverjalandi 19,5%, í Hollandi 18,7%, í Austurríki 14,9%, og meira að segja í Þýskalandi hækkaði fasteignaverð um 12,2% á þessu tímabili. Í öðrum löndum ESB var svo þessi hækkun auðvitað lægri.

Hér á Íslandi mun þessi hækkun fasteignaverðs hafa verið 15,7%. Mikil, en ekkert meiri en víða annars staðar í Evrópu.

## Hverjir stýra Evrópska seðlabankanum?

Þau ríki ESB, sem hafa evruna með fullum og formlegum hætti, eru 19. Finnland, Eistland, Lettland, Litáen, Þýskaland, Slóvakía, Austurríki, Slóvenía, Frakkland, Belgía, Lúxemborg, Holland, Írland, Portúgal, Spánn, Ítalía, Kýpur, Malta og Grikkland.

Öll þessi lönd hafa sinn eigin seðlabanka, sem sinnir sérálfunum hvers lands, og er hér því um 19 seðlabankastjóra (Governors) að ræða, sem koma alls staðar að úr Evrópu og eru, að ætla má, meðal klárustu efnahagsfræðinga og hagfræðinga þessara landa.

Evrópski seðlabankinn sjálfur hefur svo á sérfræðingaráði að skipa, 5 framúrskarandi fræðimönnum í efnahags- og peningálfunum, auk seðlabankastjórans, Christine Lagarde.

Tvisvar í mánuði kemur þessi hópur 25 helztu vísindamanna álfunnar á sviðið hagfræði og hagsmála



**Því miður er allt útlit fyrir að Seðlabanki fylgi þessari stefnu, jafn glöru-laust og það virðist vera.**

saman í Frankfurt til að bera saman bækur sínar, ræða þróun mála og móta stefnu.

## Hver var stýrivaxtaákvörðun stjórnar Seðlabanka Evrópu?

Þessi öflugri hópur helztu hagfræðinga og efnahagsvísindamanna álfunnar ákvað á fundi sínum 14. apríl sl., að halda stýrivöxtum óbreyttum; 0,0%, þrátt fyrir ódaverðbólgu og gífurlega hækkun fasteignaverðs.

## Og, hvers vegna?

Ástæðan er sú, að verðbólgan í Evrópu er að mestu innflutt – stafar af verðhækkunum, sem eiga sér rætur utan Evrópu, svo sem verðhækkunum á innfluttu eldsneyti, sem hefur hækkað vegna Úkraínu-stríðsins og almennum hækkunum í Asíu, sem stafa bæði af Covid og olíuverðshækkunum – og taldi hópurinn ljóst, að vaxtahækkun innan Evrópu myndi ekki ná til eða getað dempað þessa erlendu og utanaðkomandi verðhækkunaröldu.

Vaxtahækkun við þessi skilyrði yrði því eins og olía á eldinn, myndi kynda undir frekari verðhækkunir, ekki dempa þær; gera illt verra.

## Og, hvað með fasteignaverðið?

Varðandi hækkun fasteignaverðs og möguleg áhrif bankans á það, taldi ráðið, annars vegar, að fyrirliggjandi verðhækkunir, markaðsöflin, hefðu þá þegar róað niður þann markað, og, hins vegar, að almenn stýrivaxtahækkun myndi þar litlu breyta á sama tíma og hún myndi hafa slæm áhrif á alla aðra þætti efnahagslífsins, sem frekar þyrftu á örvun að halda, en aðhaldi. Auk þess, væri þessi vandi nú verkefni stjórnálfamanna.

Niðurstaða 25-manna sérfræðingaráðs Seðlabanka Evrópu:

Hópurinn, sem talinn er skipaður hæfustu og fremstu efnahagsfræðingum álfunnar, orðaði kjarna niðurstöðu sinnar svona:

„The only way to get back to higher interest rates is to have a growing economy and healthy inflation rates“. Lausleg þýðing: „Eina leiðin til að fara í vaxtahækkunir aftur er háð því, að efnahagsþróun verði kominn í gang og verðbólgan komin á heilnæmt stig“.

Með öðrum orðum að utanaðkomandi verðbólgu linni.

## Hvers má svo vænta af Seðlabanka Íslands á morgun?

Á morgun, 4. maí, tekur Seðlabankinn ákvörðun um stýrivexti á Íslandi næstu mánuði.

Síðustu misseri hefur bankinn hækkað stýrivexti úr 0,5% í 2,75%, meðan Seðlabanki Evrópu hefur, sem sagt, haldið vöxtum við 0,0%.

Efnahagsleg skilyrði hafa þó verið svipuð hér og í Evrópu, eins og fram hefur komið.

Sú spurning hlýtur þá að vakna, hvor aðillinn sé að nálgast verðbólguvandann með skynsamlegum og uppbyggilegum hætti, 25-manna ráð Evrópska seðlabankans eða peningastefnunefnd og Seðlabankastjóri, og hvor sé þá úti að aka.

Undarlegt nokk berja hagfræðingar viðskiptabankanna nú bumbur sína og hvetja til nýrra vaxtahækkana á morgun, um ekki minna en 0,5-1,0%. Ekki skilur undirritaður, hvað þeim gengur til. Vart í þágu viðskiptavina.

Vilja fara í 3,25-3,75% stýrivexti,

sem myndu snarhækka vexti á veittum lánum til um 50.000 fjölskyldna í landinu, sem keyptu sér fasteign í góðri trú á trausta og heiðarlega lágvaxtastefnu Seðlabanka og ríkisstjórnar, m.a. skv. Lífskjarasamningnum 2019, svo og vaxtakosnað allra annarra fjármagnsþurfi, skuldara landsins.

Því miður er allt útlit fyrir að Seðlabanki fylgi þessari stefnu, jafn glöru-laust og það virðist vera.

## Hverjar verða svo afleiðingarnar?

Ef eitthvað er að marka 25 helztu efnahagsspekinga álfunnar og þeirra greiningu á ástandinu, verður frekari stýrivaxtahækkun ekki slökkvívökvi á verðbólgueldi, heldur olía á þá, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir velferð fólksins í landinu, svo að ekki sé nú talað um kjarasamninga haustsins.

Kusum við ekki þetta yfir okkur? ■

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM\*

### LÝKUR Á LAUGARDAG

[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

{
}

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

\*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagöðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

” Síðustu misseri hefur bankinn hækkað stýrivexti úr 0,5% í 2,75%, meðan Seðlabanki Evrópu hefur haldið vöxtum við 0,0%”





Innilegar þakkir til allra þeirra sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra **Magnúsar G. Ólafssonar** húsasmíðameistara, Heiðargerði 19, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimaþjónustu HERU.

**Margrét Þorvaldsdóttir og fjölskylda.**



Eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi, **Davíð Ölver Jónsson** bílstjóri, Breiðavík 18,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 10. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Björney Guðrún Pálmadóttir**

**Jón Ölver Pétursson**

**Guðný Einarsdóttir**

**Jón Ívar Davíðsson**

**Birgir Már Davíðsson**

**Tinna Kamilla Jóhannesdóttir**

**Guðbjörg Vala Davíðsdóttir**

og barnabörn.



Elskaður eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og nýlega langafi, **Sævar Guðmundsson**

lést á Landspítalanum 26. apríl eftir langa baráttu. Útför hans mun fara fram föstudaginn 6. maí kl. 12 í Keflavíkurkirkju.

**Adda Þorbjörg Sigurjónsdóttir**

**Pórdís Katla Sævarsdóttir**

**Einar Þorsteinsson**

**Brynhildur Guggja Sævarsdóttir**

**Ásmundur Steinþórsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Tæknimínjasafn Austurlands lenti illa í aurskriðunum sem féllu á Seyðisfjörð 2020.

MYND/TÆKNIMÍNJASAFN AUSTURLANDS

## Standa vörð um menningu

Blái skjöldurinn stendur fyrir málþingi í vikunni þar sem verndun menningarminja verður í brennidepli.

arnartomas@frettabladid.is

Blái skjöldurinn eru alþjóðleg samtök stofnuð árið 1996 sem vinna að því að tryggja vernd menningarminja í stríðsátökum – eins konar menningarleg hliðstæða við Rauða krossinn. Grundvöllur samtakanna er Haag-sáttmálinn frá 1954 og hefur Alþjóðanefnd Bláa skjaldarins aðsetur í París en landsnefndir starfa víða um heim. Á Íslandi var Landsnefnd Bláa skjaldarins stofnuð árið 2014.

„Hér á Íslandi erum við blessunarlega laus við stríðsrekstur, ólíkt mörgum nágrannaþjóðum okkar sögulega séð,“ segir Heiðar Lind Hansson, formaður Landsnefndar Bláa Skjaldarins á Íslandi. „Áherslur Bláa skjaldarins hér á landi hafa þess vegna fundið sinn farveg í að tryggja vernd menningarminja í neyðarástandi af völdum náttúruhamfara, sem við þekkjum vel í okkar sögu.“

Á Íslandi var Landsnefnd Bláa skjaldarins stofnuð árið 2014. Hún hefur síðan þá beitt sér fyrir að stjórnvöld og aðrir sem koma að menningarminjum hafi viðbragðsáætlanir til reiðu ef neyðarástand blossar upp. „Við erum þá að tala um eldgos, jarðskjálfta, flóð og annað,“ segir Heiðar.

### Snúið mál

Hvaða minjar eru það sem þarf sérstaklega að huga að hér á Íslandi?

„Eitt af því sem þarf að huga að þegar viðbragðsáætlun er gerð hér á Íslandi er mat á því hverju á að koma í skjól fyrst,“ útskýrir Heiðar. „Það getur auðvitað verið snúið mál fyrir fólk sem vinnur við varðveislu menningarminja að gera upp á milli barnanna sinna.“

Heiðar segir þó að á hverju safni eða stofnun þar sem menningarminjar eru varðveittar viti starfsmenn venjulega hvaða minjar séu mikilvægastar.

„Ég vinn sjálfur á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem við erum með mikið af mikilvægum skjölum sem hafa þýðingu réttindalega séð fyrir íslensku þjóðina,“ segir hann. „Elsta skjalið okkar er frá miðöldum svo að í slíku mati yrði það til dæmis ofarlega á listanum.“

Alþjóðlega er Bláa skildinum ætlað að vera einkennandi tákn í stríðsátökum sem megi nota sem auðkenni á byggingar sem hýsi menningarminjar sem ber að varðveita samkvæmt alþjóðasáttmálum.

„Merkið á þannig að sýna hvar menningarminjar sem eigi að vera hafnar yfir átök hverju sinni og varða allt mannkyn eru,“ segir Heiðar.

### Safnast saman

Fimmtudaginn 5. maí stendur Blái skjöldurinn á Íslandi fyrir málþingi á Þjóðskjalasafni Íslands undir yfirheitinu „Vernd menningararfsins: sameiginleg ábyrgð“.

„Eitt af okkar markmiðum er að vera vettvangur fyrir þessa umræðu á Íslandi,“ segir Heiðar og bendir á mikilvægi þess að heyra af reynslu innanlands



Eitt af því sem þarf að huga að þegar viðbragðsáætlun er gerð hér á Íslandi er mat á því hverju á að koma í skjól fyrst.



Heiðar Lind Hansson, formaður Landsnefndar Bláa skjaldarins á Íslandi

og utan. „Það verða tveir erlendir gesta-fyrirlesarar ásamt innlendum frum-mælendum. Við munum bæði heyra reynslusögur og ræða hvert við viljum stefna og á sama tíma tengja saman fólk í safnageranum.“

Málþingið hefst klukkan tólf fimmtudaginn 5. maí. Aðgangur er gjaldfrjálur og viðburðinum verður streymt á heimasíðu Bláa skjaldarins á Íslandi. ■

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu, **Ellenar Margrétar Ólafsdóttur**

Norðurhófi 9, Flúðum.

**Guðmundur Karl Guðfinnsson**

**Ólafur Guðmundsson**

**Olga Lind Guðmundsdóttir**

**Valný Björg Guðmundsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

**Eiríkur Ágústsson**

**Karl Guðmundsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Bragi Halldórsson**

sem lést á hjúkunarheimilinu Mörk þann 25. apríl, verður jarðsettur frá Langholtskirkju fimmtudaginn 5. maí klukkan 13.

**Sigmar Ólafsson**

**Aðalsteinn Bragason**

**Sólvi Bragason**

**Halldór Bragason**

afabörn og langafabörn.

**Pálina Pálsdóttir**

Halla Mildred Cramer gerði rassíu í þvottahúsinu í mars síðastliðnum enda hafði herbergið verið á tossalistanum í þrjú ár, alveg frá því hún og maðurinn hennar keyptu húsið 2019.

„Við keyptum húsið eftir að amma heitin dó árið 2019 og fluttum inn í nóvember sama ár. Húsið er frekar gamalt, frá 1972, og það var allt upprunalegt þegar við keyptum,“ segir Halla. „Hægt og rólega höfum við verið að gera húsið upp og það fyrsta sem við gerðum var að skipta eldhúsinu alveg út. Þarna var eldgömul seventís eldhúsinnrétting með dökkbláum rennihurðum og gömlu klístruðu timbri. Gólfíð var illa farið og sömuleiðis borðplötturnar. Núna er allt annað að sjá eldhúsið.“

Við höfum líka verið að taka niður vegg og harmonikkuhurðir eins og voru svo vinsælar hér áður fyrr. Einn vegginn málaði ég í köldum fjölubleikum lit, en eins og kannski sést á hárinu á mér þá er ég dálítið bleik. Að auki málaði ég útidyrhurðina skærbleika sem er frekar sjaldgæft. Svo stendur „Snúlla“ á henni með bleikum



stöfum, en ég er alltaf kölluð Snúlla,“ segir Halla og hlær.

## Vildi losna við gula litinn

Núna í mars síðastliðnum átti að tækla þvottahúsið sem Halla segir að hafi lengi pirrað hana enda ekkert pláss þar til að brjóta saman þvott. Geymsluplássið var of lítið og svo var þessi hrikalegi guli litur á veggjunum sem hana hreinlega klæjaði í fingurna að mála yfir.

„Upprunalega planið var bara að mála yfir gula litinn. Svo datt mér í hug að setja upp borðplötur til að fá smá vinnupláss. Einnig var ég að íhuga að smíða sjálf hillur til að

Halla lét lita hárið bleikt þegar hún var á Kanarí síðast og segist alsæl með litinn.

MYNDIR/ÁSENDAR



Guli liturinn varð að víkja og auka þurfti geymslupláss og vinnusvæði.

auka geymsluplássið en var ekkert rosalega spennit fyrir því. Þegar ég var í Ikea að skoða borðplötur rakst ég á hina fullkomnu hillusamstæðu í baðherbergisdeildinni og kippti henni með. Allt í allt tók þetta ekki nema nokkra daga.

Ég fór til Kanarí og á meðan fékk ég hjálp frá leigjandanum okkar sem hefur hjálpað okkur mikið í húsinu. Hann átti sérstaka sög til þess að saga niður hillufestingarnar, sem áttu upprunalega að ná frá gólfi og upp í loft, en það þurfti að stytta þær til að þær gætu verið á veggnum fyrir ofan borðplötuna. Þegar ég kom til baka frá Kanarí var hann búinn að þessu og sagði þetta enga stund hafa tekið.“

## Ódýr en áhrifarík breyting

„Allt sem ég keypti fyrir breytinguna á þvottahúsinu, fyrir utan



Halla málaði veggina, færði þvottagrindina fyrir gluggann, setti upp skúffusamstæðu og borðplötur.

málninguna, fékk ég í Ikea. Ég fékk fyrir þetta tvær borðplötur sem kostuðu um 12.000, tvo borðfætur, hillueininguna góðu með hillum sem var á 17.000 og skúffur og til samans kostaði þetta ekki mikið. Þetta er allt annað líf.

Núna er ég með gott vinnuborð fyrir þvottinn og geymslupláss inni í þvottahúsi fyrir allt sem tengist þvotti. Klósettrúllurnar komast þarna fyrir og eldhúspappírinn sem og allt til að þrifa bilinn og margt fleira.

Hafandi búið í leiguhúsnæði áður, er ég ekki kona sem þarf alltaf að hafa allt á sínum stað, enda er það ekki alltaf í boði í leiguhúsnæði. En núna finn ég hvað þetta er þægilegt þegar maður fær að ráða þessu sjálfur.

Mig langar næst að setja upp hillu efst á auða veggnum til að hafa geymslukassa.“ ■

## VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Vinnupallar minna á að  
öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón.  
Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

vpallar@vpallar.is • www.vpallar.is





Rekstrarumsjón

# Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Rekstrarumsjón býður upp á þrjár rekstrarleiðir vegna reksturs húsfélaga og geta viðskiptavinir því valið hversu umfangsmikla þjónustu þeir kjósa sér

Rekstrarleið 1

Fjármál og  
innheimta

Rekstrarleið 2

Fundabjónusta

Rekstrarleið 3

Full þjónusta





Gömul hús í Grjótaþorpinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lög um friðlýst hús

sandragudrun@frettabladid.is

Samkvæmt lögum um menningarminjar eru öll hús og mannvirki 100 ára eða eldri friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Einnig segir í lögnum að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Ef eigandi friðlýsts húss vill ráðast í framkvæmdir og viðhald á eigninni þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands. Ef breytingar hafa verið gerðar án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrria horf innan hæfilegs frests. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. ■



Varast skal að hafa of margar klær í sama fjöltenginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Verum eldklár

thordisg@frettabladid.is

Brunavarnir sem þurfa að vera til staðar á hverju heimili eru reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarteppi. Einnig er mikilvægt að heimilisfólk búi til flóttaleiðir og þekki að minnsta kosti tvær flóttaleiðir út af heimilinu komi upp eldur. Þá er mikilvægt að gæta varúðar í notkun raftækja og gott að hafa eftirfarandi gátlista Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til hliðsjónar:

- Ekki yfirgefa raftæki í gangi í eldhúsinu í miðri eldamennsku.
- Ekki skilja viskastykki og tuskur eftir nærri eldavélum og helluborðum.
- Þrífa skal grill, viftur og aðra snertifleti svo að fita safnist síður fyrir.
- Taka skal tæki úr sambandi sem ekki þurfa að vera í sambandi.
- Ekki hlaða of mörgum klóm á hvert fjöltengi.
- Halda skal fötum, gardinum, leikföngum og öðrum eldfimum efnum í að minnsta kosti eins meters fjarlægð frá ofnum og öðrum hitagjöfum.
- Farga skal biluðum raftækjum og öðrum hitagjöfum á réttan hátt og þau ekki geymd heima.
- Hreinsa skal þurrkarann reglulega svo að ló safnist ekki saman í miklu magni.

HEIMILD: HMS.IS

## Gerðu heimilið grænna

oddufreyr@frettabladid.is

Það er hægt að gera ýmislegt smálegt til að gera heimilið sitt umhverfisvænna. Hér eru nokkur dæmi.

Það er til dæmis mikilvægt að sinna öllu reglulegu viðhaldi svo hlutirnir virki rétt og endist sem lengst. Í hvert sinn fólk ver nokkrum mínútum í viðhald sparar það sér óþarfa útgjöld til lengri tíma lítið.

Ef eitthvað bilar þarf að laga það strax, því annars verður kostnaðurinn alltaf meiri og þetta getur leitt til þess að þurfa að kaupa nýja hluti í stað hluta sem hefðu getað enst, sem er ekki gott fyrir umhverfið. Athugið líka alltaf hvort hægt sé að laga hluti áður en þeim er hent.

Mörg okkar kaupa hluti sem okkur vantar ekki því við vitum ekki hvað er til. Þetta getur leitt til óþarfa sóunar, svo það borgar sig



Lítill skref geta gert heimilið umhverfisvænna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að athuga alltaf stöðuna áður en farið er í búð og geyma hluti skipulega til að halda yfirsýn yfir þá.

Það er að sjálfsgöðu mjög mikilvægt að huga vel að öllum úrgangi, endurvinnna það sem er hægt og skila öðru á réttan stað.

Það borgar sig líka að skipta í LED-perur til að minnka orkunotkun sína og um leið spara peninga. Slíkar perur nota miklu minni orku og endast miklu lengur en þær gömlu. ■

## Eldhúsinnréttingar

2000 — 2021



Mán. — Föst. 10—17  
Laugardaga 11—15

Friform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562—1500  
Friform.is



# ÁLETRUN OG VINNA\*

## INNIFALIN AF ÖLLUM LEGSTEINUM



AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTТА AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



\*Innfalinn áletrun miðast við 1 nafn ásamt uppsetningu legsteins. Akstursgjald bætist við út á land. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16  
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS



## Bílar & Farartæki

## Bátar

**VEIDIPORTID**  
Grandagarður 3 • S: 532-9940

**Stærðir:**  
270cm-500cm

**Verð frá:**  
149.000.kr



**SAILSKI®**  
Gerid verðsamanburð!  
[www.veidiportid.is](http://www.veidiportid.is)

## Þjónusta

## Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

## Bókhald

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma  
8548080/5168080  
retta.is  
olafur@retta.is



## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

### SPÁMIÐILL ER-BYRJUÐ AFTUR

· SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU  
· MEÐ HJÁLPAÐ HANDAN  
· HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI  
S. 5574391

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu

Notað United TV 20" flatskjár fritt. Tala einungis ensku. Uppl. síma: 776 3667, Tómas.

## BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



## Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
[www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)  
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**  
Upplýsingar í síma 788 1590

## Heilsa

## Heilsuvörur

**gott cbd.is**



Óskum eftir starfsmönnum í sumarstarf og heilsársstarf, við viðgerðir á sláttuvélum, smávélum, sláttutraktorum og fl. Uppl. í s. 554 0661 699 2505

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu-vinnuherbergi ca. 9 fm, í Skútuvogi til leigu. Uppl. í s. 864 1219.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**  
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**JS LJÓSMIDJAN**  
LÉLAVERKSTADI  
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA  
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

# HLJÓÐLÁTAR RÖRAVIFTUR

- ítölsk gæði
- 3 hraðar
- lág hljóð

**NÝ TÆKNI**



**VIFTUBÚÐIN**  
[WWW.VIFTUR.IS](http://WWW.VIFTUR.IS)

# íshúsið



# Gæða **VEKA** plastgluggar, hurðir og rennihurðir



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!
- Gott verð og stuttur afhendingartími!



**Gluggasmiðjan**

...Ekki bara gluggar



[www.gluggasmidjan.is](http://www.gluggasmidjan.is)

s. 577 5050

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Fjallabyggð - Reykjanesbær.
- 14.35 Örlæti Nafir - Svarfaðardalur.
- 14.50 89 á stöðinni
- 15.10 Lífsins lystisemdir
- 15.40 Músíkmolar
- 15.50 Kiljan
- 16.35 Menningarvikan
- 17.00 Íslendingar Þórbergur Þórðarson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hönnunarstirnir
- 18.18 Tilraunastofan
- 18.41 Nei sko! Mannasúpa.
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Skapalón Ný íslensk þáttaröð þar sem Logi Pedro skoðar heim og sögu íslenskrar hönnunar. Í þáttunum er lögð áhersla á arkitektúr, grafíska hönnun, vöruhönnun og fatahönnun og rætt við starfandi hönnuði.
- 20.25 Tobias og sætabrauðið
- 21.10 Trúður. Klovn
- 21.40 Hamingjuleit. Hvor ligger Løkken? Danskir gamanþættir um kærustuparið Henrik og Stephanie sem eru á leið til Parísar þar sem þau ætla að gifta sig í leyni.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Njósnið í Berlín. Berlin Station
- 23.15 Fjölskyldubönd. Mother Father Son
- 00.15 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Survivor
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 A.P. BIO
- 19.40 American Auto
- 20.10 Good Sam
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI. Most Wanted
- 22.40 Love Island Australia Frábær raunveruleikasería þar sem eldheitir og einhleypir Ástralal eru tilbúnir til að finna ástina í skemmtilegum leik.
- 23.40 The Late Late Show
- 00.15 Berlin Station Spennuþáttaröð um CIA-starfsmanninn Daniel Miller sem er sendur í útíbú leyniþjónustunnar í Berlín sem njósniari.
- 01.10 Chicago Med
- 01.55 Station 19

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.25 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 How Healthy Is Your Gut?
- 10.15 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 10.40 Masterchef USA
- 11.20 Call Me Kat
- 11.40 Shark Tank
- 12.25 30 Rock
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 30 Rock
- 13.30 The Great British Bake Off
- 14.35 Nýja Ísland
- 15.45 The Masked Dancer
- 16.50 The Good Doctor
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Hell's Kitchen USA
- 19.55 B Positive
- 20.15 S.W.A.T.
- 21.05 Better Call Saul
- 21.55 Last Week Tonight
- 22.25 Fávitir
- 22.45 Outlander
- 23.45 Gentleman Jack
- 00.45 Nach
- 01.05 Next
- 01.45 Supernatural
- 02.30 The O.C.
- 03.10 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 03.35 Masterchef USA

Átakaferð í ofsaveðri

Eggert Skúlason ræðir við Óttar Sveinsson í þættinum Útkall á Hringbraut í kvöld. Lýsir Eggert erfriðri ferð vestur á Súðavík í aftakaveðri og ísingu dagana 17. og 18. janúar 1995. Segir Eggert frá sjóveiki og vanlíðan björgunarsveitarmanna, heilbrigðisstarfsfólks og annarra um borð og hryllilegum afleiðingum snjóflóðsins sem fallið hafði á Súðavík. ■►



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**  
 1 afkimi  
 5 sáðkorn  
 6 í röð  
 8 sigtun  
 10 íþróttafélag  
 11 ellegar  
 12 hermir  
 13 framkvæmi  
 15 bóma  
 17 kál

- LÓÐRÉTT**  
 1 afskekktur  
 2 skjótur  
 3 barlómur  
 4 tvíbaka  
 7 þjóta  
 9 punktur  
 12 sprota  
 14 skagi  
 16 skyldir

LÁRÉTT: 1 afvik, 5 frá, 6 rs, 8 sáldun, 10 fr, 11 eða, 12 apar, 13 inni, 15 seglæs, 17 salar.  
 LÓÐRÉTT: 1 afsjóts, 2 frá, 3 væl, 4 krúsa, 7 snarst, 9 depill, 12 anga, 14 nes, 16 aa.

Sudoku

7	6			3			8	2
	8		9					7
			5					
4		6			7	8		9
	5		1	9	3			4
	2							
2	3			4	5			1
				6				
	9		8			3		

			9	3			6	
3		7						5
	5		7	8			2	
6	1							
			1	4				
2		9				7		
		3		2				4
			3		9	5		
		1		7	6			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 20. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

BRÚÐKAUP

Athöfnin, veislan, fatnaður, gjafir og allt sem viðkemur stóra deginum.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth Bergs, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
 Sími 694 4103 / ruth@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nýtt heyrnartæki.  
frá  
Beltone

Beltone Imagine™

# Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur



Pó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine™** geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine™** – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN







Studio allsber heldur uppskeruhátíð í dag. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

## Hlustað í sundlaugum

kolbrunb@frettabladid.is

Í tilefni af HönnunarMars mun Studio allsber halda uppskeruhátíð í dag, þriðjudaginn 3. maí kl. 17.00. Samtímis verður opnað formlega verk eftir Hrund Atladóttur, Sýndarsund, en verkið er unnið í tengslum við sýninguna Sund, sem nú stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands. Vatnsbar í umsjón Áslaugar Snorradóttur verður settur upp í tilefni dagsins.



Í þetta skiptið lögðu þær við hlustir í sundlaugum til að letra á hundrað bolla.



Þetta eru stuttar hugmyndir, segir Þórarinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

# Fjallar um allt en þó mest um sumt



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Allt og sumt er titillinn á nýrri vísnaðabók eftir Þórarin Eldjárn. Flest verður þessu þekktu og vinsæla skáldi þar að yrkisefni.

„Þetta er vísnaðaverk, það þriðja frá minni hendi. Vísnaðafyrirbúningur kom hjá Forlaginu 2010, síðan Til í að vera til 2019 og nú Allt og sumt,“ segir Þórarinn. „Þetta eru stökur, yfirleitt stakir kviðlingar, en stundum er aðeins aukid í. Vísurnar eru undir ýmsum bragarhátum, fyrst og fremst ferkvæðum íslenskum háttum í ýmsum afbrigðum. Svo er eitthvað um limrur.“

### Stuttar hugmyndir

Yrkisefnin eru margvísleg. „Eins og segir í síðustu vísu bókarinnar er fjallað um allt en þó mest um sumt. Einn þráður gæti flokkast undir spakmæli eða almenna vísu sem ég hef reynt að sjóða niður í knappt form og aðkreppt. Þurfti stundum bragfræðilegt skóhorn. Heilræðavísu bregður fyrir og ýmsum

stemningum. Mestallt er í spaug-sömum tón en þó ekki ætlast til að fólk skelli upp úr á hverri einustu síðu. Háttbundna formið felur oft í sér að klykkt er út með einhverju óvæntu sem samt hefur verið undirbúið til hálfis með ríminu.“

Þórarinn segist grípa í það jafnt og þétt að yrkja vísur og safna þeim síðan saman. „Þetta eru stuttar hugmyndir, hugdettur, orðaleikir eða eitthvað sem kviknar út frá tungumálinu sjálfu og rími. Sumt kemur nokkuð snöggt en annað er eitthvað sem ég hef krotað hjá mér og svo allt í einu ris eitthvað upp úr því og enn annað ratar á ýmsu formi inn í lengri ljóð og sögur.“

### Mjög hressandi

Kápa bókarinnar er skemmtileg en hana gerir Halldór, sonur Þórarins. Gullbringa, sem er fjölskyldufyrirtæki, gefur bókina út. „Gullbringa gaf á níunda áratugnum út tvær bækur, Margsögu og Skuggabox. Svo lá útgáfan lengi í dái en 2018 gáfum við út fjórar litlar bækur



Mestallt er í spaug-sömum tón en þó ekki ætlast til að fólk skelli upp úr á hverri einustu síðu.

sem við kölluðum Lespúsl. Uns að því kom núna að okkur langaði til að prófa þetta áfram. Það er margt sem hvetur til þess. Prenttækni og allt slíkt er orðið mun aðgengilegra og sömuleiðis ýmis markaðssetning sem fram fer á netinu. Bókin fæst í búðum en við erum líka með netsölu, gullbringa.is þar sem auk bóka má nálgast ljóðmyndir, ljóð úr bókinni til að hengja á vegg í vönduðu prenti og fögrum ramma. Halldór fékk þessa hugmynd út frá sýningu á ljóðum mínum sem haldin var á Kjarvalsstöðum í nóvember 1991. Hann var viðstaddur opnunina, hálfis árs gamall og heillaðist af hönnun og uppsetningu Birgis Andrésónar á ljóðunum.

Það að gefa út sjálfur verður til þess að maður veit betur hvað verður um hverja einstaka bók heldur en þegar aðrir annast útgáfuna. Þar sem allt er í okkar höndum getum við ráðið miklu um alla kynningu. Þetta er bara mjög hressandi,“ segir Þórarinn. Búast má við fleiri verkum frá honum seinna á árinu. ■

## AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Keflavíkursóknar og Kirkjugarða Keflavíkur

Aðalsafnaðarfundur Keflavíkursóknar og Kirkjugarða Keflavíkur verður haldinn **þriðjudaginn 10. maí klukkan 17:30** í Kirkjulundi safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

**Dagskrá fundarins:**  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd Keflavíkurkirkju og Kirkjugarðanefnd Kirkjugarða Keflavíkur



## Bókakaffi í Gerðubergi

kolbrunb@frettabladid.is

Á bókakaffi í Gerðubergi á morgun, miðvikudaginn 4. maí kl. 20.00, segir Kristín Ómarsdóttir frá smásagnasafni sínu Borg bróður míns, Sólvi Björn Sigurðsson fjallar um skáldsöguna Kóperníka: skáldsaga um morð, ást og viðurstyggð, Sigrún Pálsdóttir ræðir skáldverk sitt Dyngju, sem var tilnefnd til Fjöruverðlauna og Fríða Ísberg talar um fyrstu skáldsögu sína, Merkingu, sem vann til Fjöruverðlauna í ár. Rithöfundarnir munu spjalla um tilurð verkanna, ritúal í skrifferlinu og ýmislegt fleira og flytja brot úr verkum sínum.

Viðburðurinn verður einnig í beinu streymi frá Facebook-síðu Borgarbókasafnins. ■



Fríða Ísberg ræðir um skáldsögu sína, Merkingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





FAGKEPPNI MEISTARAFÉLAGS KJÖTÍÐNAÐARMANNA Í MARS 2022

## 21 GULLVERÐLAUN TIL SS



Fagmenn SS stóðu sig með einstakri prýði í fagkeppninni í ár, enda ríkir í fyrirtækinu mjög metnaðarfullur andi til að þróa, prófa og framleiða framúrskarandi matvörur. 21 verðlaun komu í hlut kjötíðnaðarmanna frá SS.

Við hjá SS óskum okkar frábæru fagmönnum hjartanlega til hamingju með árangurinn. Þeir hlutu m.a. verðlaun búgreina fyrir lambakjöt, nautakjöt og alifuglakjöt, auk sérverðlauna í flokknum kæfur og paté.

Athyglisverðasta nýjung keppinnar og jafnframt besta vara úr lambakjöti sem hlýtur Lambaorðuna:

**Hangikæfa með uppstúf**

Bjarki Freyr Sigurjónsson, SS

—

Besta varan í flokknum kæfur og paté:

**Súkkulaðikæfa með jarðarberjahlaupi**

Steinar Þórarinnsson, SS

—

Besta varan úr alifuglakjöti:

**Konfektkæfa**

Jónas Pálmar Björnsson, SS

Besta varan úr nautakjöti:

**Sælkeranaut, pipargrafið nautafíle**

Steinar Þórarinnsson, SS

—

Eftirtalin verðlaun féllu

**fagmönnum SS í skaut:**

—

Bjarki Freyr Sigurjónsson frá SS:

**Fimm gull, þrjú silfur og tvö brons**

—

Jónas Pálmar Björnsson frá SS:

**Fimm gull, eitt silfur og eitt brons**

Steinar Þórarinnsson frá SS:

**Fimm gull og eitt brons**

—

Jón Sigurðsson frá SS:

**Eitt gull, þrjú silfur og þrjú brons**

—

Benedikt Benediktsson frá SS:

**Eitt gull**

—

Hermann Bjarki Rúnarsson frá SS:

**Tvö gull, eitt silfur og tvö brons**

—

Oddur Árnason frá SS:

**Tvö gull og eitt brons**







Mari Jarsk hljóp 288 kílómetra um helgina.

MYND/GUDMUNDUR FREYR JÓNSSON

## Fíraði upp í sigarettu milli sigurhringja

aron@frettabladid.is

Mari Jaersk kom, sá og sigraði í Bakgarði 101 um helgina. Hún hljóp 288,1 kílómetra, alls 43 hringi í Reykjavík og stórbætti þáverandi Íslandsmet. Hlaupið hófst á laugardagsmorgun og því lauk um klukkann fjögur á sunnudagsnóttina. Ræst er á heila tímanum en hringurinn telur 6,7 kílómetra.



### Í svona hlaupum þá þarf maður bara að fá sér sigarettu ef maður er á annað borð reykingamaður.

Það sem er áhugavert við hlaup Mari er að hún reykti reglulega sigarettu á milli hringja hjá sér á meðan hlaupinu stóð. „Það er svoliðis,“ segir Mari og hlær. „Ég náttúrulega reyki og í svona hlaupum þá þarf maður bara að fá sér sigarettu ef maður er á annað borð reykingamaður.“

Þú getur bara rétt ímyndað þér hvernig það hefði verið fyrir mig að fara í gegnum þessa 288 kílómetra án þess að fá mér sigarettu.“ Hún bætir því við að hún fái sér ekki smök ef hún er að keppa í styttri vegalengdum.

Mari segist vera meyr og þakklát fyrir stuðninginn eftir þetta erfiða hlaup sem tekur á bæði fyrir líkamlegu og andlegu hliðina. „Maður er svo meyr eftir þetta, allir vinir mínir voru á staðnum að hvetja mig áfram og þeir gerðu sitt besta til þess að koma mér í gegnum þetta.“ ■



Auk tónleikahalds stefnir Khalid á lagasmíðar á Íslandi meðan á dvölinni stendur.  
MYND/SKJÁSKOT

# Undan grámanum yfir í liti og ljós

Tónlistarmaðurinn Khalid er á Íslandi um þessar mundir og heldur tónleika í Laugar-dalshöll á miðvikudagskvöld.

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríski tónlistarmaðurinn Khalid hefur notið síðustu daga á Íslandi, í veðurbliðu undangenginnar helgar. Hann tróð nýlega upp á Coachella-tónlistarhátíðinni ásamt Billie Eilish þar sem hann flutti, meðal annars, dúettinn Lovely. Söngvarinn aflýsti nýlega tónleikaferðalagi um Rússland og stefnir á tónleikahald í Suður-Ameríku í júní.

Khalid hefur sex sinnum verið tilnefndur til Grammy-verðlauna, hann hefur fengið sex Billboard Music-verðlaun, hann hefur þrívægis hlotið Amerísku tónlistarverðlaunin og árið 2019 tilnefndi Time tímaritið Khalid meðal 100 áhrifamestu einstaklinga heims.

Aðspurður um síðustu tvö ár og liðan í heimsfaraldrinum, svarar hann. „Ég tók risastórt skref til baka og gerði vörutalningu hjá sjálfum mér. Hvert ég vildi stefna með ferilinn minn, listrænt séð, og hvernig tónlist mig langaði að gera,“ segir Khalid.

„Mér fannst, í upphafi heimsfaraldursins, að tónlistin sem ég var að gera væri sorgleg og niðurdrepandi en á sama tíma full vonar,“ segir hann.



Billie Eilish og Khalid á Coachella-hátíðinni í síðasta mánuði.

MYND/GETTY

### Frá dökkum tönnum yfir í ljósa

Khalid segist hafa átt tilfinningalega erfitt í upphafi faraldurs og glímt við ótta. „Ég var mjög hræddur. Í því ferli þurfti ég að fara í gegnum gráman, til að byrja að sjá litina í lifinu á ný. Tónlistin sem ég hef verið að gera undanfarið ... það er sturlað að eitt laganna sem ég gerði um miðbik heimsfaraldursins hefur íslenska strengjasveit inni í laginu,“ segir hann og hlær.

„Já! Einn af bestu vinum mínum, Chrome Sparks, hann er reglulega á Íslandi og elskar að vera herna. Hann kom hingað og fékk íslenska strengjasveit til að flytja alla strengina í laginu. Þetta er í alvörinni eitt af mínum uppáhaldslögum á ferlinum.“

Núna sé Khalid hins vegar á allt öðruvísi stað. „Núna er ég á tímabili þar sem allt sem ég skapa er svo bjart og gleðilegt og smitar frá sér. Ég er svo þakklátur fyrir að hafa fundið þetta ljós í myrkrinu.“

### Stefnir á lagasmíðar á Íslandi

Í beinu framhaldi segist Khalid hafa stefnt á að gera tónlist hér á landi. „Ég hafði reyndar stefnt á að gera tónlist á Íslandi! Ég er búinn að ákveða að gera lag herna. Það verður geggjað að geta samið og tekið upp í svona borg sem fyllir mig innblæstri,“ segir hann. Þess má geta að Khalid er yfirlýstur aðdáandi söngkonunnar Glowie og segist aðspurður hafa áhuga á að vinna með henni.

Hann lætur vel af Íslandsdvölinni. Veðrið sé búið að vera frábært. „Ég elska rigningu,“ segir hann og vísar til veðursins þá stundina. „En ég var mjög hrifinn af því að geta farið út og séð borgina. Við keyrðum í einn og hálfan tíma og skoðuðum Geysi og Gullfoss.“

### Innblástur á flekaskilum

Hann segist hafa fundið helli fyrir utan borgina og farið í langa gönguferð. „Mér fannst það magnað. Ég týndi mér í hugsunum um forsögulega tíma. Hugsaði um dýr gangandi um á einhverjum forsögulegum stað, karla og konur að ferðast langar vegalengdir og leita skjóls í hellisskútum. Mér fannst það svo fallegt,“ segir söngvarinn dreyminn.

„Þetta fyllti mig innblæstri, að vera á jaðri norðuramerísku flekaskilanna. Það er eitthvað sem fólk frá Bandaríkjunum fær ekki endilega að upplifa. Það að hafa fengið að komast hingað á vængjum tónlistarinnar segir mikið um það hversu mikið ég hef vaxið sem tónlistarmaður.“ Khalid segist í framhaldinu mjög þakklátur fyrir tækifæri til að heimsækja landið. „Ég er svo þakklátur fyrir að vera í stöðu til að vera á svona fallegum stað eins og Íslandi.“ ■

Viðtalið má sjá í Fréttavaktinni á Hringbraut í kvöld.

## Veldu þitt party þema

Diskó Hippa 20's 80's Kúreka

**HÓKUS PÓKUS**

www.hokuspokus.is  
Verzlun og vefverzlun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## Love Guru endurvekur bömpið

ninarichter@frettabladid.is

Love Guru hefur sent frá sér lagið Love bump 22. Í fréttatilkynningu frá Gúrúnum segir að hér sé komin útgáfa af fyrsta laginu sem karabísku diskósveitin Boney M sendi frá sér árið 1975, og jafnframt segir að laginu fylgi þokkafyllsti dans sögunnar.

„Nú er kominn tími til að Íslendingar fari að bömpa aftur,“ segir Love Gúrú í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er bömpið, the bump is back.“ Aðspurður hvað bömpið sé, svarar Love Guru: „Hvað er bömp? Það er rosalega skrýtin spurning. Þetta er, myndi ég segja, svalasti dans sögunnar.“

Að sögn Gúrúsins á verkið sér langan aðdraganda. „Ég hef alltaf



Bömp er svalasti dans sögunnar að sögn Love Guru.

MYND/ADSEND

verið að hugsa um að gera eitthvað úr þessu geggjaða lagi með þessum eitursvala dansi. Og svo eru núna fimmtíu ár síðan bömpið byrjaði og það kallaði bara á mig. Þetta þurfti að gerast,“ segir hann. „Það er gott

að gera þetta núna eftir Covid og reyna að ná fólki í bömpið aftur.“

Love Guru segist hafa legið í dvala í heimsfaraldrinum en nú sé hann snúinn aftur af fullum krafti.

„Gúrúinn hefur ekkert gefið almennilegt færi á sér eftir Covid. Hann setti allt í gang 2019 og hann var svakalega bókaður 2020. Svo kom lockdown. Hann ákvað að fara varlega í gang en er búinn að opna fyrir þetta aftur,“ segir hann. Love Guru sendi frá sér plötu árið 2019.

Love Bump 22 með dansi má nálgast á YouTube og lagið má finna á streymisveitum.

Love Guru er verkefni Þórðar Helga Þórðarsonar útvarpsmanns og á rætur sínar að rekja til þáttarins Ding Dong frá árinu 2003, sem Þórður Helgi og Pétur Jóhann stýrðu. ■



Maí tilboð

# 30% afsláttur

af Bjarg skrifborðsstólum

## Bjarg MB

VERÐ NÚ  
**66.400 kr.**  
LISTAVERÐ ÁÐUR  
**94.900 kr.**



## Bjarg HB+

VERÐ NÚ  
**118.900 kr.**  
LISTAVERÐ ÁÐUR  
**169.900 kr.**



## Bjarg HB

VERÐ NÚ  
**99.900 kr.**  
LISTAVERÐ ÁÐUR  
**149.900 kr.**

30%  
afsláttur

## Horn rafmagnsborð



Borðin koma ýmist með tveimur eða þremur móturum (fer eftir stærð plötunnar). Öll þeirra eru þriggja þrepa og með minnisstýringu.

Minnsta stærð er 160x120cm og sú stærsta 200x200cm, margar stærðir þarna á milli. Litir í boði á plötunum eru svart, hvítt, eik og beyki. Fæturnir eru svo til í svörtu, hvítu og gráu

VERÐ NÚ FRÁ  
**114.380 kr.**  
LISTAVERÐ ÁÐUR  
**163.400 kr.**

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



RAMMASAMNINGUR VIÐ  
**RÍKISKAUP**

Verlun opin  
mán-fim 09:00-18:00,  
föstudaga 09:00-17:00,  
laugardaga 12:00-16:00.

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040  
[hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is)



**STOCKHOLM**

Flottur þriggja sæta útisófi. Litir: Natur eða svartur.  
Stærð: 212 x 88 x 80 cm. 174.990 kr.

**STOCKHOLM**

Tungusófi, hægri. Litir: Natur eða svartur.  
Stærð: 250 x 160 x 85 cm. 204.990 kr.


**LEONE**

Hornsófi. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur.  
Olifin áklæði. 203 x 203 x 80 cm. Sófaborð. 70x70x30 cm.  
185.990 kr.

**ASHFIELD**

3ja sæta sófi. 186 x 82 x 93 cm.  
159.990 kr.


Skannaðu QR-kóðann  
til að skoða bæklinginn.



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

Sími: 558 1100



Hér gefur að líta brot af innsendum tillögum frá í hönnunarsamkeppninni.

MYND/FÍT

## Miklu meira en bara fiska-ká

Félag íslenskra teiknara efndi á dögunum til samkeppni um tákn fyrir íslensku krónuna, með styrk frá Seðlabanka Íslands. Hátt í sjötíu innsend verk bárust dómnefnd sem fékk það vandasama verk að velja úr vinningshafa. Verkin birtast á sýningu í Grósku á miðvikudag.

ninarichter@frettabladid.is

Hönnunarmars fer af stað á miðvikudag, þó að komið sé fram í maí. Meðal sýninga á hátíðinni er afrakstur hönnunarsamkeppni á vegum FÍT, þar sem keppt er um tákn fyrir íslensku krónuna. Þess má til gamans geta að nýjustu gjaldmiðlamerki sem samþykkt hafa verið eru merki bitcoin rafmyntarinnar og gjaldmiðils Kirgistan, som, árið 2017.

### Stærsta land í heimi

„Verkefnið byrjaði fyrir tveimur árum síðan, sem hugmynd að skemmtilegu verkefni fyrir félagsmenn FÍT,“ segir Gísli Arnarson, formaður félagsins. „Það er alltaf talað um að þeir sem eigi gjaldmiðlatákn séu þessar stóru þjóðir heimsins, og við, sem stórasta land í heiminum með okkar stóra egó, höfum ekki átt þetta tákn. Sem er svolítið skrytið,“ segir Gísli sposkur.

Hann bætir við að ekki vanti þjóðina getuna eða hönnuði í verk-ið. „Þetta er skemmtilegt verkefni og ekkert því til fyrirstöðu að eiga svona merki fyrir íslensku þjóðina,“ segir hann.

### Samstarf með Seðlabankanum

Að sögn Gísla ritaði stjórn FÍT hugmyndina upp og fór næst á fund með Seðlabankanum, sem samþykkti að styrkja verkefnið. „Enda gefur hann út íslensku krónuna,“ segir hann.

„Við ákváðum að hafa þetta fyrir félagsmenn, til að styrkja félagið. Það eru um 200 meðlimir en það ættu að geta verið 400 manns, ef allt gengur upp og við höldum okkar stefnu,“ segir Gísli.

Þó tekur hann skýrt fram að sigur í samkeppninni þýði ekki að merkið verði sjálfkrafa merki íslensku krónunnar. „Það er Seðlabankinn sem gefur út krónuna og það þyrfti laga-lega heimild til að breyta þessu,“ segir Gísli og bætir við að Alþingi þyrfti vafalaust að koma að slíkri breytingu.



Að sögn Gísla Arnarsonar, formanns Félags íslenskra teiknara, kom fjöldi innsendra tillaga dómnefndinni á óvart.

MYND/ADSEND



**Þetta er skemmtilegt verkefni og ekkert því til fyrirstöðu að eiga svona merki fyrir íslensku þjóðina.**

Gísli Arnarson

sýning á Hönnunarmars opnar á miðvikudaginn og þar verðum við með 16 merki sem við ætlum að sýna, sem eru handvalin af dómnefndinni. Þetta eru ekki endilega sextán bestu merkin heldur er þetta flóra af merkjum sem vísa öll í ólíkar hugmyndir,“ segir hann. „Það var verið að passa að það væru fleiri hugmyndir að merkjum, frekar en að hafa alltaf það sama. Við vorum þannig ekki bara með fiska-ká.“

### Rúnir og Dana-tenging

Spurður hvort rauður þráður hafi verið í innsendingum, svarar Gísli: „Það er mikið verið að sækja í þjóðararfinn og element sem vega þungt í íslensku þjóðfélagi. Þar er fiskurinn í K-inu. Sumir fara í rúnirnar og aðrir leika sér með hvernig maður myndi skrifa KR hratt. Eða vísa í krónuna, sem er krúna og þar er verið að tengja okkur enn meira við Danina. Aðrir fara beint í gjaldmiðlatingangarnar.“

Aðspurður hvernig Seðlabankinn hafi tekið í hugmyndina að formlegri upptöku merkisins segir Gísli: „Fæst orð bera minnsta ábyrgð. En ég átti góð samtöl við Seðlabankann,“ segir hann. „En það er ekkert því til fyrirstöðu að við höldum áfram að pressa á þá. Við erum komin með sigurtillögu sem er mjög góð,“ segir hann. ■

„Við kynntum þetta þannig fyrir okkar félagsmönnum að þetta væri konsept-keppni og hver hönnuður héldi sínum höfundarrétti og eignarrétti að merkinu.“

### Fjöldi tillagna kom á óvart

Sjötíu tillögur voru sendar í keppnina. „Við áttum ekki von á svona mörgum innsendingum. Fjöldinn var framar björtustu vonum, en við bjuggumst kannski við tuttugu innsendingum,“ segir Gísli. Dómnefnd lauk störfum á föstudag en þar voru þrjú fulltrúar frá FÍT og einn frá Seðlabankanum. „Yfirlits-





TÆKIFÆRI TIL AÐ

# PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA

# STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

[pizzahut.is](http://pizzahut.is) - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði





## Bakþankar

Kristbjargar  
Þórisdóttur



## Lífinu fagnað

Ég fór í fimmtugsafmæli síðasta laugardagskvöld. Þar var vinkona mín að fagna lífinu. Afmælið var fullt af gleði, hlátri, góðum mat, söng og dansi. Á sama tíma hef ég hugsað til þeirra sem taka eigið líf. Hvað er það sem skilur á milli lífsgöngu þeirrar manneskju sem fagnar lífinu og hinnar sem hafnar lífinu? Að meðaltali taka 39 einstaklingar eigið líf á ári hverju og varlega áætlað er talið að um 500 manns geri tilraun. Erfitt er að skilja sjálfsvíg. Eitt elsta og mikilvægasta viðbragð okkar er varnarviðbragðið þar sem heilinn bregst við hættu með sjálfvirkum hætti. Við erum fædd til að lifa af. Hvernig stendur á því að manneskja tapi fyrir eigin vörnum?

Hvað er það sem tryggir farsælt líf einstaklings og velsæld? Manneskju sem vill lifa og fagna hverju skrefi lífsins. Það skiptir máli að tryggja fæðu, skjól, öryggi, félagsleg tengsl, hlutverk og fleira. Jafnframt að veita viðeigandi stuðning og meðferð ef þarf þegar áföll og erfiðleikar verða í lífinu. Mikilvægt er að tryggja að hver og einn einstaklingur fái að njóta hæfileika sinna og vera hluti af heild.

Við sem samfélag þurfum að reyna að tryggja að enginn lendi í myrkrinu, þeir sem þurfa fái hjálp út úr því og að öll getum við fagnað lífinu.

Mikilvægt er að þeir sem glíma við sjálfsvígshugsanir segi einhverjum frá liðan sinni, hvort sem er aðstandanda eða hafi samband við til dæmis Hjálparsíma Rauða krossins í síma 1717, á netspjalli 1717.is eða í síma Pieta samtakanna í síma 552-2218. ■

## GERIÐ GÆÐA OG VERÐ-SAMANBURÐ

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum



BODYPRINT  
Reverie  
Sleep well tonight. Live better tomorrow.

### STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI



### GHENT

HANDGERÐ HEILSURÚM - FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

FYLD'S  
The Belgian Bed

## ★ FERMINGARTILBOÐ ★

### ÝMIR

#### HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI

Stýður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per fm<sup>2</sup>. Tvíhert stál.

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	99.900 kr.	89.900 kr.
140×200	114.900 kr.	104.900 kr.
150×200	129.900 kr.	119.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stærðir í boði.

GÓÐUR  
STUÐNINGUR  
VIÐ MJÓBAK



### FRIGG - MILLISTÍF

#### HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	139.900 kr.	119.900 kr.
140×200	159.900 kr.	139.900 kr.
150×200	179.900 kr.	159.900 kr.

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stærðir í boði.

### ÓÐINN - STÍF

#### HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

### IÐUNN

#### GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN

Cool efnaþandana aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri liðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnnar.

25%  
AFSLÁTUR  
AF FYLGIHLUTUM  
VIÐ DÝNUKAUP

VERÐ SEM  
KOMA Á  
ÓVART

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233  
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDS-MANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU\*  
\*Samkvæmt könnun frá Gallup.

FRÍTT  
KAFFI  
MEÐ ORKULYKLI

